

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1139/2007

2010/EES/32/22

frá 1. október 2007

## um að leyfa L-arginín sem aukefni í fóðri (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 5) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-arginíni, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og í virka hópnunum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, sem aukefni í fóðri fyrir allar dýrategundir.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um leyfi fyrir aukefnum til nota í fóður ásamt ástæðum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Lögð hefur verið fram umsókn um leyfi fyrir L-arginíni sem amínósýru.
- 3) Þar sem umsókn um leyfi var lögð fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var það gert samkvæmt tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu <sup>(2)</sup>. Frá og með 18. október 2004 falla amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal umsóknin teljast tæk sem umsókn skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Til að uppfylla þær kröfur, sem mælt er fyrir um í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram viðbótarupplýsingar til stuðnings umsókninni.

- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 17. apríl 2007 <sup>(3)</sup> að L-arginín hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að L-arginín feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði skýrslu fyrir stofnunina um aðferðir til að greina aukefni í fóðri. Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnunum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjttíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/116/EB (Stjttíð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 81).

<sup>(3)</sup> Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fóður um öryggi og verkun vörunnar L-arginín sem er framleidd með gerjun *Corynebacterium glutamicum* (ATCC-13870) fyrir allar dýrategundir. Samþykkt 17. apríl 2007. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 473, bls. 1–19.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

---

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarksinnihald mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi	Hámarksinnihald		
<b>Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: aminosýrur, sölt þeirra og hljóstað efni</b>									
3c3.6.1	—	L-arginín	Lýsing á eiginleikum aukefnisins: L-arginín 98% framlétt með <i>Corynebacterium glutamicum</i> (ATCC 13870) C <sub>6</sub> H <sub>14</sub> N <sub>4</sub> O <sub>2</sub>  Greiningaraðferð: Aðferð Bandalagsins til að ákvarða aminosýrur (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/64/EB um breytingu á tilskipun 71/393/EEB <sup>(1)</sup> )	Allar tegundir	—	—	—	—	22.10.2017

<sup>(1)</sup> Sjátið. EB L 257, 19.9.1998, bls. 14.